

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 220/2012**

2013/EES/18/16

frá 7. desember 2012

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og**  
**IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2012 frá 6. mars 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun loftræstisamstæða og vifta <sup>(1)</sup>.
- 2) II. og IV. viðauki við í EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 6. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB) í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6a. **32012 R 0206**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2012 frá 6. mars 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun loftræstisamstæða og vifta (Stjtið. ESB L 72, 10.3.2012, bls. 7).“

*2. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 26a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/591/EB) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„26b. **32012 R 0206**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2012 frá 6. mars 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun loftræstisamstæða og vifta (Stjtið. ESB L 72, 10.3.2012, bls. 7).“

*3. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 206/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Atle Leikvoll**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 72, 10.3.2012, bls. 7.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.